

Lög FOMEL Foreldrafélags Menntaskólans að Laugarvatni.

1. Við Menntaskólann að Laugarvatni er starfandi foreldrafélag sem heitir:
Foreldrafélag Menntaskólans að Laugarvatni (FOMEL).
Allir foreldrar og forráðamenn nemenda skólans geta verið félagar í foreldrafélaginu.
Heimili og varnarþing foreldrafélagsins er í Menntaskólanum að Laugarvatni.
2. **Hlutverk foreldrafélagsins er:**
 - a. að vera **samráðs-** og **samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna** sem eiga börn í skólanum.
 - b. **Hvetja foreldra** til að veita börnum sínum stuðning, aðhald og hvatningu í námi sínu.
 - c. **Vera bakhjarl skólans** og hafa áhrif sem hagsmunahópur um bættan hag og stöðu skólans
 - d. **styðja við fræðslu og umræðu** um uppeldis-, forvarnar- og skólamál, í **samvinnu við skólastjórnendur og forvarnarfulltrúa skólans** og vera starfsfólki og stjórn skólans innanhandar.
 - e. **standa vörð um réttindi nemenda** til góðra uppeldis- og menntunarskilyrða.
 - f. **Efla vitund** foreldra um forsjárskyldur sínar og efla þekkingu þeirra á réttindum og skyldum, sínum og barna sinna.

Foreldrafélagið kys sér stjórn, sem jafnframt fer með hlutverk **foreldraráðs skólans**, samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. (IX kafla, ýmis ákvæði 50. gr.)

3. **Hlutverk stjórnar FOMEL er að:**
 - a. **Vera tengiliður. Koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldrafélagsins, nemenda og starfsfólks skólans.**
 - b. **Koma sjónarmiðum foreldra** varðandi skóla- og uppeldismál á framfæri.
 - c. Sjá um **gagnkvæmt upplýsingaflæði** milli skóla, foreldra og nemenda, t.d. með tölvupóstum, útgáfu fréttabréfs eða á heimasíðu skólans, þar sem birtar eru fundargerðir og aðrar upplýsingar um starf foreldraráðs/foreldrafélags skólans.
 - d. Vera **tengiliður milli foreldra og stjórnar nemendafélags** skólans.
 - e. **Virkja foreldra í starfi félagsins.**
 - f. **Sjá um kynningu á foreldrafélaginu** fyrir nýnema og foreldra þeirra á **kynningarfundum** að hausti.
 - g. **Taka þátt í samstarfi** við önnur foreldraráð sem og við foreldrafélög grunnskólanna og við Heimili og Skóla.
 - h. **Afla styrkja** til sérstakra verkefna.
4. **Stjórn FOMEL skal skipað 3 foreldrum/forráðamönnum og 3 til vara, sem kosnir eru á aðalfundi Foreldrafélags ML (FOMEL), í september ár hvert.**

Allir foreldrar í stjórn sem og varamenn eru kosnir til eins árs í senn og skal jafnan einn aðalmanna vera úr hópi foreldra nýnema á 1. ári. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kosnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga til eins árs og einn til vara. Stjórn FOMEL skal halda gerðarbók þar sem gerð er grein fyrir öllum fundum, mætingu og ákvörðunum. Fjárhagsár stjórnar er skólaárið, 1. ágúst til 31. júlí.

5. **Stjórnin** tilnefnir einn fulltrúa úr stjórn sem **fulltrúa foreldra í skólanefnd** til eins árs í senn, með málfrelsi og tillögurétt, og einn til vara.
6. **Aðalfundur Foreldrafélags ML** skal boðaður með minnst viku fyrirvara með dagskrá og **tilkynnt um dagsetningu hans á kynningarfundi nýnema að hausti.** Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu.

Dagskrá Aðalfundar skal vera:

- a. Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b. Skýrsla stjórnar
- c. Lagabreytingar ef einhverjar eru
- d. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram til samþykktar
- e. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
- f. Kosning til stjórnar FOMEL
- g. Önnur mál.

7. **Lagabreytingar**

- Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Foreldrafélags ML. (FOMEL) Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn eigi síðar en 14 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Tillögur að lagabreytingum sem stjórnin hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.
8. Ef slíta þarf Foreldrafélagi Menntaskólans að Laugarvatni, skal ákvörðun um það tekin á löglega boðuðum aðalfundi með samþykki allra stjórnarmanna auk 2/3 hluta fundarmanna og renna þá eignir/eigur félagsins til nemendafélags Menntaskólans að Laugarvatni.

Samþykkt á stofnfundi Foreldrafélags ML
Laugarvatni 14. apríl 2011,
með lagabreytingum, samþykktum
á aðalfundi FOMEL, Laugarvatni 29. sept. 2013